



## Grænir borgardagar 2005 (Urban Green Days 2005) Deilum árangri okkar í umhverfismálum með öðrum

**Um hvað snýst málið?** Öllum borgum og bæjum í Evrópu er boðið að taka þátt í hinu vaxandi verkefni Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, Grænum borgardögum (Urban Green Days (UGD)), sem haldnir eru í tengslum við Grænu vikuna í Evrópu dagana 31. maí til 3. júní, sem aftur tengist Umhverfisdegi Sameinuðu þjóðanna 5. júní. Árið 2004 voru skipulagðir meira en 250 UGD-viðburðir, þar á meðal bæði hefðbundnir umhverfis dagar og önnur uppátæki.

**Hví skyldir þú vera með?** Tilgangur verkefnisins er að stuðla að staðbundnum viðburðum sem efla vitund fólks um umhverfisgæði í þéttbýli og verndun þessara gæða. UGD-viðburðir hvetja íbúana, fyrirtækin, sveitarstjórnirnar og aðra sem hlut eiga að máli til að auka umhverfisgæði og veita upplýsingar um starf sveitarstjórnanna að umhverfismálum í nútíð og framtíð. Á Grænum borgardögum 2005 verður sjónum sérstaklega beint að loftslagsbreytingum, m.a. með áherslu á sjálfbærar samgöngur, orkunýtingu og endurnýjanlega orkugjafa.

Sveitarstjórnir sem taka þátt hafa af því margvíslegt gagn, ekki aðeins á heimavelli heldur líka á Evrópuvettvangi. Þar sem Grænir borgardagar er verkefni sem nær til allrar Evrópu, hafa þeir meiri áhrif en ella á stjórnvöld í einstökum löndum og í Evrópusambandinu, auk þess sem þeir fá meiri athygli almennings og fjölmiðla en einstakir viðburðir myndu fá. Allir UGD-viðburðir verða kynntir á [www.urbangreendays.org](http://www.urbangreendays.org) með því að fylla út einfalt eyðublað í viðburðagagnabanka heimasíðunnar. Sveitarstjórnir geta vakið athygli á byggðarlaginu sínu með því að senda inn myndbandsbrot, ljósmyndir og annað efni. Þar að auki verða einhverjir UGD-viðburðir e.t.v. kynntir á Grænu vikunni í Brussel, og öllum sveitarstjórnnum sem taka þátt verður boðið að kynna aðferðir sínar við vitundarvakningu í hugmyndahefti sem dreift verður víða.

**Hvernig virkar þetta?** Skipuleggjendur viðburða geta stuðlað að samvinnu íbúa með því að leggja áherslu á aðgerðir sem vekja athygli á umhverfismálum og stuðla um leið að bættri fjárhagslegri afkomu einstaklinganna, sparnaði, lífsgæðum og heilsu. Skoðunarferðir í orkuver sem nýta endurnýjanlega orkugjafa, sýning á orkusparandi raftækjum, opnir dagar um samgöngur innanbæjar eða hjólarall eru nokkur dæmi um möguleg verkefni. UGD-viðburðir verða breytilegir frá einum stað til annars, allt eftir þörfum, getu og markmiðum viðkomandi samfélaga. Viðburðir geta verið allt frá opnum húsum, sýningum og keppnum til gjörninga, heimsókna, hátíða í skólum og á götum úti, eða námskeiða. Til að fá hugmyndir er upplagt að skoða listann yfir UGD-viðburði 2004 á [www.urbangreendays.org](http://www.urbangreendays.org).

Grænir borgardagar er verkefni á vegum Umhverfisskrifstofu Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, (DG-Umhverfi). ICLEI – Sveitarstjórnir fyrir sjálfbæra þróun, heldur utan um verkefnið og aðstoðar einstakar sveitarstjórnir við framkvæmd þess með ýmsu móti í samvinnu við tengiliði í einstökum Evrópulöndum.

Nánari upplýsingar:  
Tölvupóstur – [urbangreendays@iclei-europe.org](mailto:urbangreendays@iclei-europe.org)

ICLEI – Local Governments for Sustainability  
European Secretariat  
Leopoldring 3  
79098 Freiburg / Germany  
Sími: +49-761 / 36 89 2-63 eða -0, fax: +49-761 / 36 89 2-29  
Netfang: [urbangreendays@iclei-europe.org](mailto:urbangreendays@iclei-europe.org)  
[www.urbangreendays.org](http://www.urbangreendays.org)